

MORGUNBLAÐIÐ

Stofnandi: Vilh. Finson.
Útgefandi: Fjölaga í Reykjavík.
Ritstjórn: Jón Kjartansson,
Valtýr Stefánsson.
Auglýsingastjóri: E. Hafberg.
Skrifstofa Austurstræti 8.
Sími nr. 500.
Auglýsingaskrifst. nr. 700.
Helmasímar: J. KJ. nr. 742.
V. St. nr. 1220.
E. Hafb. nr. 770.
Áskriftagjald innanlands kr. 2.00
á mánuði.
Útanlands kr. 2.50.
Í lausabölu 10 auro eintak.

Erlendar símfregnir.

Khöfn 26. okt. FB.

Lloyd Georg talar um herbúnað þjóðanna.

Frá London er símað: Lloyd George hefir haldið ræðu stjórn-málalegs efnis, sem vakið hefir mikla eftirtekt. Taldi hann mikla nauðsyn á, að ríkin takmarki herbúnað og lögleiði skyldugerðar-dóma, en spáði því, að ella muni illa fara og ef til vill draga til nýrrar heimsstyrjaldar. Hann and-mælti því og, að frestað væri að senda heim setuliðið í Rínarbygð-unum og kvaðst vera hlýntur því, að Versalafríðarsamningarnir væri endurskoðaðir. Margir menn ætla, að ræðan sje vottur þess, að Lloyd George æski eftir samvinnu við verkalýðsflokkinn.

Trotski og Sinójev reknir úr flokki kommúnista í Rússlandi.

Frá Moskva er símað: Miðstjórn kommúnistaflokksins hefir samþ. að reka Trotski og Sinójev úr flokksstjórninni fyrir að reyna að vekja sundurlyndi innan flokks-ins, þrátt fyrir ítrekaðar og alvar-legar áminningar.

Khöfn FB 27. okt.

Rúmenastjórn hrædd við Carol.

Frá Berlín er símað: Yfirvöldin í Rúmeníu hafa handtekið sendi-mann Carols, fyrverandi krónprins í Rúmeníu, og bera á hann þær sakir, að hann hafi unnið að undir-röðri til breytinga á ríkiserfö-um þar í landi. Stjórnin í Rú-meníu virðist óttast, að áhængendur Carols í Rúmeníu, muni gera tilraun til byltingar. Af þeim or-sökum hefir skeytaeftirlit verið skerpt.

Stórskip ferst.

Frá London er símað: Ítalska farþegaskipið Prinsessa Maf-alda, hefir sokkið nálægt Brazílíu. Hefir sennilega siglt á sker. Á því voru 12 hundruð manns og hafa sennilega um þrjátíu og fjór-ir farist.

Sýknudómur í morðmáli.

Frá París er símað: Kvíðdómur í Parísarborg hefir sýknað Gyð-inginn Schwarzbard, er myrti Petlura, sjálfstæðisforingja Ukra-ine-manna í fyrravor. Schwarzbard kendi Petlura um ofsóknirnar gegn Gyðingum í Ukraíne.

Útvarpið í dag: kl. 10 árd. Veð-urskeyti, frjettir, gengi; kl. 7 sd. Veðurskeyti kl. 7.10 Barnasögur; kl. 7.30 Fíðluleikur (G. Takaes); Concert í E-dur, eftir Bach. 2. Nocturne í D-dur, eftir Chopin; Wilhelmj. 3. Souvenir de Moscon, eftir Wieniawsky; kl. 8 Enska fyrir byrjendur ungfrú Anna Bjarnadóttir; kl. 9 Erlendar frjettir.

Kosningasvikin í Hnífsdal

Halldán og Eggert teknir fastir.

Ísafirði í gær. það, að rannsóknardómari hefir Klukkan rúmlega 4 í dag, fór Halldór Júlíusson, rannsóknar-dómari, frá Ísafirði út í Hnífsdal.

Hafði hann með sjer ritara sinn, Stein Leósson; Guðjón Magnússon, verkamann; Grím Kristgeirsson, rakara; Ólaf Ásgeirsson, sjómann, og Karl Kristjánsson, verkamann.

Komu þeir á heimili Eggerts Halldórssonar. Var öll fjölskyldan þar veik, kona Eggerts, sem fyr er sagt, og barn þeirra tveggja ára, þungt haldið af lungnabólgu.

Tóku komumenn Eggert með valdi, þar sem hann lá í rúminu; báru hann óklæddan út í vörubifreið, og fluttu hann í fangelsið á Ísafirði.

Halldán Halldanarson var og tekinn fastur og settur í varðhald.

Fekk Eggert að velja um það hvort heldur hann vildi verða einangraður í sjúkrahúsi, ellegar í fangelsinu. Kaus hann fangelsið.

Verk þetta mælist illa fyrir, og hjeldu fæstir, að menn fengjust til þess, að leggja hendur á hinn sjúka mann.

Jónas Jónsson, dómsmálaráð-herra, var hjer í gær. Hefir ef til vill þessi vísir til ríkislögreglu sprottið upp af samtali hans við fylgismenn hans hjer.

Að Eggert valdi fangelsisvist fram yfir vist á sjúkrahúsi, þykir líklegt að standi í sambandi við

það, að rannsóknardómari hefir hótad, sem kunnugt er, að þina hann til sagna.

Mörgum mun hafa fundist að það væri kaldhæðni orlaganna, er hneykslismálið í Hnífsdal var orð-ið annað „Ólafs Friðrikssonar mál“, er dómaraunum tókst ekki á dögunum að framfylgja úrskurði sínum, og kallaði hástöfum á lögreglu, sem engin var við hendina. Lögregla og ráðstafanir allar til þess að yfirvöld geti framfylgt ákvörðunum sínum, hafa fram til þessa verið eitru í beinum þeirra Jónasar-manna, bæði þeirra, sem bera bændastimpil og hinna, sem játast til fylgis við „jafnaðarmenn og bolsa.“

Nú er annað komið upp á ten-inginn hjá J. J. Sannar hann nú dómsmálaráðherrann í verkinu, að það, sem hann hefir haldið fram í þessum málum, er glamrandi einn. Til hvers eru yfirvöld og landslög, ef engar ráðstafanir eru til þess gerðar að fyrirskipunum sje framfylgt.

Annað mál er það, hvort þeir Ísafirðingar hafa ekki nokkuð til síns máls, að full harðhjósulega sje farið með hinn sjúka mann — og hvort ástæða er til að ætla að verulegur vinningur sje fyrir rannsókn málsins að hneppa hann nú í varðhald.

Sighvatur Bjarnason

fyrv. bankastjóri
slasaðist í gær í Bankastræti.

Maður á reiðhjólí rann á hann og skelti honum á götuna.

Um klukkan 11 fyrir hádegi í gær var Sighvatur Bjarnason, fyrv. bankastjóri, á gangi niður Bankastræti. Neðarlega í „Bakarabrekkunni“ gengur hann út af gangstjettinni og ætlar skáhalt norður yfir götuna. Í sama vef-fangi kemur maður á hjóli á fleygi-ferð niður brekkuna, rennur aftan á hann og skeltir honum á götuna. Sjálfur slöngvast hann af hjólinu upp á gangstjettina, en varð ekki meint við að mun, eftir því, sem sjónarvottar segja.

Sighvatur særðist á höfði. Hann fjell í ómegin. Vegfarendur ná í bíl í skyndi og lækni, sem þar var á gangi, og er honum ekið heim til sín á Amtmannsstíg 2. — Þar var bundið um sár hans, svo fljótt, sem fong voru á.

Fekk hann rænu skömmu eftir að hann kom heim. En mjög var hann máttfarinn í gær, og með allháan hita. Auk meiðslanna á höfði, sem lækna gátu eigi sagt um í gær, hve mikil væru, er hann marinn á mjöðm.

Seint í gærkvöldi átti Morg-unblaðið tal við Jón Kristjánsson lækni. Sagði hann að líðan Sig-hvats væri þá betri en áhorfðist í gær, að því er honum virtist.

„Dronning Alexandrine“ er vænt-anleg að norðan á sunnudaginn.

Hallbjörn

Prentari. — Ritstjóri.

Þegar samningar um sjálfstæðismál Íslendinga stóðu yfir 1918. var Hallbjörn Halldórsson prentari. Hann var þá einnig formaður í Hinu íslenska prentarafjelagi. — Þetta sama ár gerðu fulltrúar Alþýðuflokksins samþykkt um sjálfstæðismálið, og heimtuðu að danskir þegar skyldu njóta sama rjettar á Íslandi og Íslendingar sjálfir.

Nokkur fjelög innan Alþýðusambandsins komu vel og drengilega fram gagnvart þessu frumhlaupi leiðtoganna. Meðal þeirra var fjelag það, sem Hallbjörn stýrði. Það sendi kröftugleg mót-mæli.

Síðan þetta gerðist eru líðin nú ár. Hallbjörn er ekki lengur prentari. Hann er nú ritstjóri „Alþýðublaðsins“, málagns Alþýðuflokks-ins.

„Tímarnir breytast og mennirnir með.“ Svo má segja um Hallbjörn tetur. 1918 reyndi hann og fjelag hans að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar vegna frumhlaups Alþýðuflokksleiðtoganna. Þá stóð fjelag Hallbjarnar á verði um sjálfstæðismál þjóðarinnar. Það vítti harðlega rjettindaafsal leiðtoganna.

En nú? Nú er annað uppi á ten-ingnum. Nú hefir sannast á þessa sömu fulltrúa Alþýðuflokksins enn alvarlegra athæfi en athæfi þeirra 1918. Það hefir sannast á þá, að þeir þiggja storfje frá erlendum stjórnmalaflokki til stjórnmalastarfa hjer á landi. En nú er Hallbjörn ekki lengur á verði um sjálfstæðismál þjóðarinnar. Nú ver

Sjá „himmaskriftanna“ leiðarljós!

Ó, lof sje þjer skýjamening!

Þó skapast þjer aldrei neitt skrumlaust hrós nje skýlaus nein viðurkenning.

En þar sem hyggindin halda vörð, mun heimilið bera þess vottinn, að nýttast verður hjer niðri á jörð að nota **Flik-Flak** í þvottinn.

hann athæfi leiðtoganna, sem væri hann danskur leiguliði.

„Tímarnir breytast og mennirnir með.“ Það er engu líkara en að danska gullið hafi gert Hallbjörn sturlaðan. Hann man ekkert. Man ekki hvað hann sjálfur gerði 1918 og veit ekkert hvað hann er nú að gera.

Bátafloði Vestmannaeyja.

Þrjár 30 smáesta bátar bætast við í vetur.

Skipasmíðastöðin í Fredriks-sundi hefir nú lokið við einn af þeim þremur 30 smáesta bátum, sem verið er að smíða þar, og eiga að fara til Vestmannaeyja. Eru eigendur þeirra Gísli Johnson konsull og Ástþór Matthíasson.

Báturinn, sem smíði er lokið á, heitir Heimaey, og er þegar lagður á stað til Íslands.

Bátarnir eru með tiltölulega nýju byggingarlagi, hafa 90 ha. Tuxhamvjel, og vindur, sem reknar eru með vjelum frá vjelaverksmiðju og járnsteypu Fredriks-sunds. Þeir eru og útbúnir með rafljósi neðan þilja og ofan, og rafljósakerum.

Bátur sá, sem þegar er farinn á stað til Íslands. „Heimaey“, er með tilrauna loftskeyaútbúnaði, og á að geta sent skeyti í 50 km. fjarlægð, og tekið á móti loft-skeytum.

Áður en báturinn lagði af stað var hann skoðaður af ýmsum þeim, er áhuga hafa á útgerðarmálum, og segir mönnum vel hugur um, að hinn nýstárlegi útbún-aður á honum komi að góðum not-um og verði til mikilla þæginda.

Dagbók.

I. O. O. F. 10910288½.

Veðrið (í gær kl. 5): Norðaust-anátt, milt og úrkomulaust um alt land. Lægðin komin austur um Færeyjar, fer minkandi.

Í dag hefir stormsveipur farið yfir Norðursjóinn frá Skotlandi til Suður-Noregs. Er austanrok á Jaðrinum og norðan til í Norð-ursjónum. Við Azoreyjar er einn-ig óveður, sem stefnir norðaustur til Bretlandseyja.

Veðurútlit í Reykjavík í dag: Norðan kaldi. Úrkomulaust og fremur milt, en naturfrost við-búið.

Guðspekifjelagið. Reykjavíkurstúkan, fundur í kvöld kl. 8½ stundvíslega.

Charleston klubburinn heldur dansleik í Iðno á morgun. Með-

limir ámintir að vitja aðgöngu-miða sinna í dag frá kl. 5—8 í Iðno.

Slökkviliðið var kvatt vestur í bæ á tíunda tímanum í gærkvöldi. Hafði verið brotinn brunaboði nr. 6, sem er á horninu á Mýv-argötu og Brunnstíg. En er þang-að kom, var enginn eldsvoði ná-lægt og hvergi sást sá, sem valdur var að þessari heimskulegu ill-kvitni.

Hjólreiðamennirnir hjer í bæ, sumir að minsta kosti, eru orðnir glæframenn sakir glannaskapar síns og hirðuleysis, er þeir fara um göturnar. Er hjer á öðrum stað sagt frá slysi, sem varð af árekstri á hjóli, og er það ekki fyrsta slysið, og verður líklega því miður, ekki það síðasta. Það er algengt að sjá stráka þeysa hjer á brunaf-erð án þess að hreyfa hönd til stjórnar hjólinu, og veður það þá á hvern, sem fyrir er. Það kann að vera örðugt fyrir lögregluna að handsama þessa þeia, en óþarflega linum tókum virðist hún taka á þeim. Hún ætti að taka af þeim hjólin miskunarlaust, um stundarsakir, og vita hvort þeir færu ekki gætilegar næst. — Friðsamir borgarar eiga þá kröfu á hendur henni, að hún stilli með einhverju móti þessa glanna, sem lífi og linum manna stendur hætta af. —

Látinn Vestur-Íslendingur. Þ. 11. september ljest að heimili sínu á Mountain í Norður-Dakota Elías Thorvaldsson kaupmaður, bróðir Stígs heitins Thorvaldssonar. Elías hafði verið hinn vinsælasti maður.

Emile Walters. Eftir því, sem vesturheimsbliðin síðustu segja, hefir listmálarinn frægi, Emile Walters, í hyggju, að koma hing-að til lands áður en langt um líður, og sjá ættarland foreldra sinna. Hann er af íslenskum for-eldrum kominn, en fæddur vestra. Hann er nú orðinn víðfrægur fyrir málverk sín. Eru sum verk hans til sýnis á mörgum helstu lista-söfnum í Ameríku, og hafa einnig verið keypt á málverkasöfn í Evrópu.

Glænýtt:

Mör,
Lifur,
Hjörtu,
Hausar.
Kjötbúðin, Bjargarstíg 16
Sími 1416.